



HÚNAÞING
VESTRA



MANNAUÐS- STEFNA HÚNAÞINGS VESTRA

Desember 2024

Mannauðsstefna þessi er framtíðarsýn og leiðarvísir starfsfólks Húnaþings vestra í átt að því að skapa heilbriggt starfsumhverfi sem stuðlar að vellíðan og árangri í starfi. Markmið mannauðsstefnu Húnaþings vestra er að styðja við starfsánægju og jákvæða vinnustaðamenningu á vinnustöðum sveitarfélagsins

LEIÐARLJÓSIN OKKAR



Í sameiningu sköpum við jákvætt starfsumhverfi með lausnamiðaða hugsun að leiðarljósi.



Við stefnum í sömu átt, höfum skýra sýn á hlutverk okkar og sameiginleg markmið.



Við erum með heilbrigða vinnustaðamenningu og háþyrkingu árangur okkar með því að stuðla að fjölbreytileika í allri okkar starfsemi.



Við leggjum áherslu á að veita íbúum og öðrum þjónustugegum sveitarfélagsins góða þjónustu í samræmi við hlutverk og markmið þeirra starfa sem við gegnum.



Við sýnum frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Jákvæðni og samvinna

Við sýnum hvert öðru gott viðmót og jákvæðni. Við virðum hvert annað og vöndum okkur í samstarfi og samskiptum. Við ræðum saman og lærum hvort af öðru, leitum eftir aðstoð og erum lausnamiðuð. Við sýnum samstarfsvilja, berum virðingu fyrir ólíkum skoðunum og erum uppbyggileg í samskiptum.



Við virðum hvert annað og vöndum okkur í samstarfi og samskiptum.

Sameiginlegur árangur og metnaður

Við leggjum okkur fram og gerum okkar besta. Við komum að verkefnum með opnum hug, eigum hreinskiptin, gagnleg skoðanaskipti og rökræður. Við hlustum á sjónarmið hvers annars og veitum hvert öðru endurgjöf. Við gætum að því í störfum okkar að miðla upplýsingum um starfsemina sem samstarfsfólk þarf á að halda til að ná árangri í störfum sínum og köllum líka eftir þeim upplýsingum sem okkur vantar.

Jafnrétti og fjölbreytileiki

Við erum jafnréttissinnuð og viðhorf okkar er opið. Við spyrnum við fordómum og staðalímyndum í samræmi við jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Við fögnum fjölbreytni bæði í starfsfólki og verkefnum og sjáum styrkinn í fjölbreytileikanum. Virðing, tillitssemi og jákvæðni er sýnd bæði samstarfsfólki og þjónustuþegum í öllum okkar störfum.



Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sveitarfélagsins fara fram með góðu fordæmi, eru hvetjandi og veita starfsfólki virka endurgjöf og stuðning eftir þörfum. Við miðlum upplýsingum tímanlega og með skýrum hætti til starfsfólks svo starfsfólk geti sinnt sínu starfi með árangursríkum hætti.

Stjórnendur leitast við að tryggja góða og örugga vinnuástöðu fyrir starfsmenn og leggja kapp á að aðbúnaður, hollustuhættir og vinnuástaða sé í góðu horfi svo að starfsmenn geti sinnt starfi sínu eins og best verður á kosið.

Við leggjum áherslu á gott skipulag í okkar störfum með skýrum verkferlum og stefnu. Við störfum í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni. Við höfum skýrt umboð til verka og erum upplýst um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til okkar hverju sinni.



Stjórnendur sveitarfélagsins fara fram með góðu fordæmi.

Sjálfbær og hagnýt

Mannauðurinn okkar er lykilþáttur í sjálfbærri nýtingu innviða, við búum yfir mikilli og breiðri þekkingu innan vinnustaða sveitarfélagsins. Við nýtum og virkjum kraftinn í starfsfólki okkar með stöðugri fræðslu og þjálfun sem leiðir til betri framleiðni og nýsköpunar.

Starfsemi stofnana sveitarfélagsins er skilvirk og hagkvæm. Við förum vel með þær bjargir sem við búum yfir, göngum vel um vinnurýmin okkar, lágmörkum sóun, endurnýtum og endurvinnum. Við sköpum í sameiningu virði fyrir samfélagið og umhverfið til lengri tíma og leitumst eftir fremsta megni við að vera sjálfbær þegar kemur að mannaúði og aðföngum.



Starfsumhverfi

Á vinnustöðum sveitarfélagsins ríkir fjölskylduvænt starfsumhverfi sem virðir mörk starfs og einkalífs. Vinnuaðstaðan og aðbúnaður er í stöðugri skoðun og við leggjum okkar af mörkum til að skapa aðlaðandi og þægilegt vinnuumhverfi. Við sýnum heiðarleika og vandvirkni í okkar störfum og gætum þagmælsku og trúmennsku um atriði sem við verðum áskynja í starfi og fylgjum siðareglum.

Lykilþáttur starfsumhverfis okkar er óþvinguð menning og að starfsfólki líði vel í vinnunni. Við leitumst við að skapa öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Við líðum ekki einelti, áreitni eða ofbeldi og bregðumst við slíkri hegðun í samræmi stefnu sveitarfélagsins þar að lútandi. Við sýnum hvert öðru og störfum hvers annars virðingu og traust sem skilar sér í aukinni starfsánægju og góðri þjónustu.



Við sýnum hvert öðru og störfum hvers annars virðingu og traust.

Með samþykkt þessarar stefnu fellur úr gildi sú sem samþykkt var af sveitarstjórn 6. júlí 2020.

Byggðarráð samþykkti að drög að mannauðsstefnu yrðu sett í samráð meðal starfsmanna á 1231. fundi sínum þann 11. nóvember 2024. Ein athugasemd barst sem gaf ekki tilefni til breytinga.

Samþykkt á 1233. fundi byggðarráðs þann 9. desember 2024.

Samþykkt á 386. fundi sveitarstjórnar þann 12. desember 2024.



Skjal þetta hefur vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 3 og 10.



Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.